



Fréttabréf forseta

Desember 2015

Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

„Nálgast jóla lífsglöð læti“ segir í gömlu kvæði og víst er um það að aðventan er gengin í garð og senn koma jólin.

Desember er mánuður annríkis sem kemur þó vonandi ekki í veg fyrir að við gefum okkur tíma til að eiga góðar stundir með fjölskyldu og vinum í aðdraganda jóla. Á þessum árstíma viljum við gjarnan, frekar en í annan tíma, láta gott af okkur leiða og styrkja þá sem minna mega sín. Í því samhengi minni ég á að samtökin okkar eru aðilar að verkefninu **Schools of Africa** og skemmtilegt væri ef deildirnar leggðu eitthvað af mörkum, t.d. á jólafundi til verkefnisins. Þær sem þegar hafa haldið jólafund gætu þá styrkt verkefnið strax eftir jól.



Fréttabréfið

Fyrir nokkrum dögum leit glæsilegt eintak fréttabréfsins dagsins ljós. Ég þakka ritnefndinni kærlega fyrir vel unnið verk og öllum þeim sem gáfu af

tíma sínum og lögðu til efni. Ég minni líka ykkur formennina á að bregðast fljótt við þegar kallið kemur varðandi pistil í vorfréttabréfið. Það auðveldar allt starf nefndarinnar ef ekki þarf að bíða lengi eftir að efni berist.

Eitt af því sem alþjóðasambandið hefur lagt áherslu á undanfarin ár er kynning samtakanna út á við. Sem lið í slíkri kynningu gæti verið góð hugmynd að prenta eintak af fréttabréfinu og láta liggja frammi á vinnustöðum ykkar.

Inntaka og breytingar á félagatali

Við inntöku nýrra félaga er að ýmsu að hyggja og nauðsynlegt er að vanda til verka og gera inntökuna eftirminnilega fyrir nýja meðlimi. Á vefnum okkar má finna efni um inntökuna ásamt ýmsu öðru sem gagnast formönnum á þessari slóð: http://dkg.muna.is/is/page/efni_fyrir_formenn

Nokkrar deildir hafa brugðist við og sent okkur yfirlit yfir breytingar á félagatalinu og þakka ég fyrir það. Enn höfum við þó ekki fengið nöfn nýrra meðlima frá

öllum deildum sem tekið hafa inn nýja félaga í haust og væri gott að fá þau sem fyrst. Mér þætti einnig vænt um ef þið senduð mér sem vefstjóra línu þegar andlát ber að höndum í ykkar deild. Við höfum reynt að geta þess á heimasíðunni okkar þegar slíkur atburður á sér stað en í stórum félagsskap eins og okkar er erfitt að halda utan um slíkt nema þær sem þekkja best til láti vita.

Tákn og hefðir

Eitt af því sem einkennir félagsskap okkar er nælan sem við fáum við inngöngu í félagið og er tákn fyrir markmið og hugsjónir Delta Kappa Gamma. Þó það sé ekki mælikvarði á gæði starfsins hvort við berum næluna eða ekki og ekki „sáluhjálparatriði“ hvar hún nákvæmlega er fest í barminn, þá er það samt góður siður að venja sig á að bera næluna

þegar við komum saman.

Munum líka eftir að gera það að hefð á fundum að hafa nafnakall og bera kveðjur frá þeim sem ekki mæta. Það eykur samkenndina.

Verum virkar – styrkjum starfið

Vefurinn

Þar sem deildarvefsíðunum okkar er ætlað að gefa upplýsingar um starfið í deildunum okkar á hverjum tíma bið ég ykkur um að hnippa í þá sem sjá um vefinn í ykkar deildum með það að setja inn efni og uppfæra upplýsingar. Nokkuð mikið vantar upp á að allar deildir séu að sinna vefmálunum.

Skýrslur

Fyrir **1. febrúar** þurfa allir formenn að fylla út skýrslur um starfið. Eins og ég hef minnst á við ykkur áður eru skýrslurnar núna á vef og atriðin færri og ætti að vera auðveldara að svara. Slóðin á skýrslurnar er: <http://goo.gl/forms/az97HMUbtL> Meira um þetta efni eftir áramót.

Að lokum óska ég ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Bestu kveðjur!

Eygló, forseti DKG

